

## IV. KAFLI

## 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, kr. 115,00 í hvert skipti.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 726, 30. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Reykjahlíðar, Skútustaðahreppi.**

## I. KAFLI

## 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Reykjahlíð og Vogum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð Hitaveitu Reykjahlíðar staðfestri 4. nóvember 1971.

## 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil ef þess er óskað.

## 3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir fyrir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## 4. gr.

Þangað til varanleg lausn hefur fundist varðandi útfellingu steinefna í vatni hitaveitunnar, gildir sú bráðabirgðaráðstöfun, að gjöld fyrir afnot heita vatnsins miðast við rúmmál húsa.

## II. KAFLI

## 5. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 3 200 á ári fyrir hvert hús.
  - b) Vatnsgjald kr. 13,80 á ári pr. m<sup>3</sup>. Þó skal reikna hálf gjald af bifreiða- og vélageymslum og óupphituðu rými í íbúðarhúsum.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

## 6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5.gr. verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða í Samvinnubankanum á Húsavík. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjaldldaga. Heimilt er að reikna dráttarvexti á gjaldfallnar vanskilaskuldir.

## III. KAFLI

## 7. gr.

Heimædargjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:  
 Hús allt að 400 m<sup>3</sup> kr. 21 850,00.  
 Hús 400—2 000 m<sup>3</sup> kr. 21 850,00 fyrir 400 m<sup>3</sup> og kr. 18,80 á hvern rúmmetra þar yfir.  
 Hús stærri en 2 000 m<sup>3</sup> kr. 51 930,00 fyrir 2 000 m<sup>3</sup> og kr. 15,10 á hvern rúmmetra þar yfir.

Öll gjöld í gjaldskrá þessari miðast við utanmál húsa.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslis hemil umfram einn á sama inntaki er kr. 2 890,00.

## 8. gr.

Gjöld skv. 5. og 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingakostnaðar.

Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, og að fenginni heimild iðnaðarráðuneytisins.

## IV. KAFLI

## 9. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

## 10. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

## 11. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis heita vatnsins og opnu á ný greiðir sá, sem í van-skilum er, auk kr. 215,00 í hvert skipti.

## 12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Reykjahlíðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmæl-um hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. febrúar 1983 með tilvísun til auglýsingar nr. 34/1983 og birtist til eftir-breytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis, nr. 727, 30. nóvember 1982.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. febrúar 1983.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Guðrún Skúladóttir.*

**GJALDSKRÁ****Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.**

## 1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum, sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella.

## 2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neyslu-vatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hita-veitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neyslumatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.